



Júní 1968

23

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



BJARMAHJÚPUR KARLS OG KONU

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159. Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði

BJARMAHJÚPUR KARLS OG KONU.

W.J. Kilner, frægur læknir í Lundúnum (d. 1920) ritaði bók um athuganir sínar á bjarmahjúpi mannlíkamans, og er þeirra getið í Nýal í sambandi við-lífgeislunina. Kilner hafði útbúnað til að gera geislunina sýnilega, en þó mun þarna einnig og ekki síður hafa komið til greina skyggni hans sjálfs eða sambandssæi, án þess að hann áttaði sig á því sjálfur.

Lífgeislunaráhrif fólksins sem Kilner skoðaði, sem í sjálfu sér voru ekki sjáanleg, munu hafa stillt hann til að sjá sambandsverur þessa fólks á öðrum hnöttum, eða réttara sagt bjarmahjúp þann sem þar er sjáanlegur, af því að geislunin frá líkóm-unum er miklu meiri og öflugri en hér. En þó munu líkamirnir einnig hér á jörð hafa sinn bjarmahjúp, þótt miklu daufari sé, og fyrir nokkrum árum bárust um það fréttir frá Rússlandi, að þar hefði tekizt að ná myndum af þessum bjarma.

D. G.

| E F N I : | Bls. |
|--|------|
| Bjarmahjúpur karls og konu | 1 |
| Sambandskenningin og höfundur hennar, D. Guðjónss. | 3 |
| Blástjarnan og vorið, D.G. | 7 |
| Viðtal við próf. Níels Dungal, Benedikt Björnsson | 8 |
| Sambandsreynsla, Sigurrós Jóhannsdóttir | 9 |
| Stjörnusambandsstöð, Páll H. Árnason | 10 |
| Draumur um loftsfýn, Ingvar Agnarsson | 12 |
| Líftið rit varðandi miðilssambönd frá 1920, D.J. | 13 |
| Fundargerð, Þorsteinn Guðjónsson | 14 |
| Eftirmæli 22. heftis, Þorsteinn Jónsson | 15 |

SAMBANDSKENNINGIN OG HÖFUNDUR HENNA

Erindi flutt í hátíðasal Menntaskólans í Reykjavík 19. marz 1968

Það sem þúsundir milljóna hafa haldið
vera í andaheimi og goðheimi, er
lífið á öðrum hnöttum.

Ég hef verið beðinn að tala hér um sambandskenningu dr. Helga Pjeturss og ég vil taka það fram, að mér er ljúft að verða við þeirri beiðni, og það því fremur, sem ég hef nýfrétt að fyrir löngu hafi dr. Helga sjálfum verið boðið að tala hjá þessu félagi, Framtíðinni, og hafi hann tekið því boði. En þó að svo hafi orðið einu sinni, þá þykir mér jafnvíst, að nú séu liðnir nokkrir áratugir, síðan nokkur maður hefur nokkuð að ráði minnzt á kenningu dr. Helga á fundum þessa félags, eða jafnvel á málfundum yfirleitt í þessu landi. Aldarhátturinn hefur ekki leyft slíkt, sá sem ríkt hefur, eins og menn munu kannast við. En sjást nú ekki ýmis merki þess að sá aldarháttur sé nú í þann veginn að breytast? Mér þykir það að minnsta kosti skemmtileg tilviljun, að maðurinn sem sagði áður nefnda frétt, og var reyndar sá hinn sami, sem af hendi Framtíðarinnar hafði forðum boðið Helga Pjeturss að tala, var á sömu stundu og hann sagði frá þessu að ganga í félag þeirra manna sem lýst hafa yfir fylgi sínu við kenningar dr. Helga.

Það stendur hérna yfir innganginum í þennan skóla, að Niels R. Finsen, hinn ágæti læknir, hafi hér nemandi verið, og hefur mér oft dottið í hug að svo gæti farið, að einhverntíma yrði sett upp önnur tafla meiri um Helga Pjeturss. Þyrfti nú í því sambandi ekki annað að nefna en jarðfræðiuppgötvanir hans, sem í stórkostlegasta lagi voru, eins og þegar er komið ljós og enn á eftir að koma betur í ljós. Það má líka minnst þess, að þegar Niels Finsen var í þessum skóla, var hann víst ekki í neinu sérstöku álitu, og hefðu víst fáir búizt við því þá, að skólinn ætti eftir að telja sér það til frægðar öðrum hlutum fremur, að hafa fóstarað þann nemandu. Þessu var þó öðru vísi farið um Helga Pjeturss, hvað námsárangur snerti. Hann var afburða námsmaður, skaraði fram úr sambekkingum sínum, ágætum námsmönnum, í mesta lagi, en ekki náði hann þó ágætiseinkum á stúdentsprófi, enda var hún mjög sjaldgæf í þá daga. Það vantaði ekki nema örlítið á það að hann næði þessu, og sá hann eftir því alla ævi, að það tókst ekki, og fór ekki

dult með. Á sjötugsafmæli sínu skrifaði hann enn um, hvað sér hefði þótt sárt að missa af ágætiseinkunninni. "Þetta var ekki eingöngu hégómaskapur", bætti hann við, og taldi upp aðrar ástæður, en þetta síðasttalda lýsir Helga Pjeturss vel. Hann var ekkert að reyna að bæla niður að draga fjöður yfir það sem voru langanir hans og óskir, því að það gera ekki þeir sem hreinir eru í lundu eða íturhreinir í lundu eins og þjóðskáldið Matthías kvað um fyrsta landnámsmanninn.

Náttúrufræðinám sitt stundaði Helgi Pjeturss í Kaupmannahöfn eins og vitanlegt var á þeim tíma, og tók hann þar hærra próf en tekið hafði verið áður í þeirri grein við þann skóla. En þarna komu til leiks margir af beztu námsmönnum í Danaveldi. Það var árið 1897 sem hann lauk námi sínu þar og sigldi síðan samsumars til Grænlands í rannsóknaleiðangur. En í þeirri ferð var það, sem hann missti svefninn og mikið af orku sinni. Engu að síður leysti hann þar rannsóknahlutverk sitt af hendi með þryði, og sérstaka þýðingu hafði það, að hann sá þarna á eyjunni Diskó tiltekin jarðfræðiatríði betur en T. C. Chamberlin, einn af allrafremstu jarðfræðingum í Ameríku, sem heimsótt hafði staðinn nokkru áður. Þarna sá hann sig sem byrjanda standa fyllilega jafnfætis einum af kunnustu vísindamönnum samtíðarinnar, og hefur dr. Helgi síðar sagt frá því, hvernig þetta jók honum sjálfstraust til að komast á braut hins frjálsa og óháða hugarfars.

T. C. Chamberlin var einnig stjörnufræðingur og setti hann fram um og eftir 1900 þá kenningu, að sólhverfið hefði skapast af áhrifum aðvífandi sólstjörnu, og átti þetta eftir útreikningi sem síðar var gerður að vera svo fágætur viðburður, að naumast hefði getað átt sér stað nema einu sinni í sögu allra vetrarbrauta sem þekktar voru, eða með öðrum orðum að sólhverfi vort væri einstætt í alheimi og þar af leiðandi hvergi líf nema hér. Þessi kenning fékk töluvert fylgi um tíma, og varð hún einn af farartálmum þess skilnings sem Helgi Pjeturss var að boða um samband lífsins í alheimi. Eins og kunnugt ætti að vera, hélt dr. Helgi kenningu sinni ekki fram sem tilgátu, heldur lagði hann þar við allan vísindaheiður sinn, að það væru sannindi sem hann var að segja, um sambönd við íbúa annarra hnatta. En af því leiddi auðvitað óhjákvæmilega, að til væru önnur sólhverfi, og þannig stóðu þessar kenningar hvor gegn annarri. Ég er ekki í vafa um, að ýmsum þeim Íslendingum sem hefðu átt að segja heiminum frá hinni Íslenzku kenningu um samband við stjörnurnar, segjum á árunum 1930 - 1940 og síðar, hefur fallið allur ketill í eld, þegar þeim var sagt að nú væru það

viðurkennd vísindi, að ekki væru jarðstjörnur með neinni sól nema þessari. En þeir hefðu bara átt að muna eftir því að dr. Helgi hafði séð betur en T. C. Chamberlin á Grænlandi forðum og draga ályktanir sínar eftir því. Nú mun því ekki verða neitað, að einnig í því efni sá hinn Íslenzki fræðimaður betur en þeir Chamberlin og Moulton, sem kenningin um einstæði sólhverfisins var upprunalega kennd við. Það er nú almennt álitid, sem hér var haldið fram, að hver sól ráði fyrir sínum jarðstjörnum, svo sem Brúnó kenndi og hinir vitrustu menn töldu lengi. Og fyrir nokkrum árum fann stjörnufræðingurinn van de Kamp sömun fyrir tilvist reikistjörnu á stærð við Júpíter, við nágrannasólstjörnu, og var einstæðiskenningin þar með úr sögunni. Síðan tala stjörnufræðingar djarflegar en áður um líf á öðrum hnöttum og aldrei greinilegar en nú síðustu mánuðina.

Ég vil þá gera þess, að doktor í náttúruvísindum varð Helgi Pjeturss við Kaupmannahafnarháskóla árið 1905, en árin 1899-1912 eru tímabil hinna eiginlegu jarðfræðirannsókna hans hér á landi, og þá uppgötvar hann glacialmetamorphicum. Þau ár eru einnig tími hins sjálfstæða heimspekináms hans, sem var meðal annars fólgið í því að lesa rit forngrískra heimspekinga á frummálinu. Hann lagði einnig nokkra stund á læknisfræði við læknaskólann gamla, tók engan þátt í stjörnmálum, en ruddi frampróunarkenningunni til rúms hér á landi ásamt Þorsteini Erlingssyni, og gerði sig heimakominn í kirkjublaðinu með greinum sem ekki voru beint kirkjulegar. En Þórhallur Bjarnason biskup lét þau orð fylgja einni slíkri grein, að það væri ómögulegt annað en birta hana af því að hún væri svo skemmtileg, og vildi ég óska að Ísland ætti nú sem flesta slíka kirkjumenn. Þórhallur biskup var mikill sögumaður og mat mikils sannfræðianaða Íslendingasagna, en hann sagði að sem betur færi, ættum við Íslendingar engin sögurit á borð við Kronikubækur Gamla testamentisins, þar sem allt moraði í missögnum og rangfærslum.

En það var um þessar mundir, sem Helgi Pjeturss var farinn að eygja hina nýju heimspeki eða réttara sagt var hann kominn á skilningsleið um þá hluti sem hann hafði aldrei áður skilið og enginn maður annar hér á jörð.

Það er sambandskenning Helga Pjeturss, sem hér á að verða umræðuefnið og vil ég þá fyrst biðja menn að hafa í huga, að þetta er ekki hin fyrsta sambandskenning sem komið hefur fram. Lamarck og síðar Darwin fundu sambandið milli kynslóðanna í sögu lífsins hér á jörð, og Schleiden og Schwann og fleiri fundu, að líkamir

jurta og dýra eru samsettir af frumum sem hafa samband sín á milli. Efnafraeðinni fór ekki að fara fram fyrr en menn hættu að gera ráð fyrir efnaklofningi og fóru að tala um efnasambönd. En sambandskenning í allravíðtækasta og eiginlegasta skilningi var þó uppgötvun Newtons á aðdráttarsambandinu milli hnattanna, og þegar hún kom fyrst fram, þótti hún ótrúleg einmitt af því, að þar var gert ráð fyrir fjarlægðaráhrifum. Að jörðin verkaði á Júpíter um þá óravegu sem á milli eru og Júpíter á jörðina, og sólin á hvorttveggja, þótti ekki sennilegt, og kusu menn heldur aðrar skýringar. En ótrúlegra hefði þó þótt, ef sagt hefði verið, að lögmál Newtons gildi ekki aðeins um reikistjörnur sólhverfisins og um önnur sólhverfi, heldur um allar stjörnur á trilljón sinnum stærra geimsvæði en stjörnufræðingarnir þekktu þá. En þetta er reyndar það sem komið hefur á daginn. - Samband er milli alls efnis í alheimi, þannig að hver efniseind verkar með áhrifum sínum á allar aðrar, og ef menn eiga erfitt með að gera sér ljóst, að hliðstætt samband eigi sér stað milli lífmyndanna, þannig að lögmál sé, þá er það af því að þeim hættir um of að aðgreina sjálfa sig og lífið frá tilveruheildinni. Frá sjónarmiði Nýals er lífið ekki nein aukaframleiðsla í heimsframvindunni, heldur tilraun til að ráða við og samstillja krafta hinnar líflausu náttúru, á öllum stjörnum, og er það tilraun sem stefnir að ákveðnu marki. Út frá því verður líka fyrst skiljanlegt að hér skyldi nokkur tíma koma fram líf á þann hátt sem gerzt hefur, og þróast síðan frá lífili byrjun allt í fram til manns. Það er maðurinn sem þarf að átta sig á þessu öllu, á því sem gerzt hefur og gera þarf og hann þarf umfram allt að átta sig á sambandinu og þeim krafti sem þar kemur til greina. Hugsamband milli eins taklinga er staðreynd sem örugglega ber vott um þann kraft og verður þar þá einnig að nefna það sem gerist hjá miðlum og "skyggnu" fólki, þegar verið er að leita sambands við framliðna, - en ef einhver er hér á annarri skoðun, skora ég á hann að láta til sín heyra. Dögnin er engin sönnun, og sá sem ekki reynir til að gera grein fyrir skoðun sinni, getur ekki vænt þess að tekið verði tillit til hennar. Ég held að okkur sé óhætt að gera ráð fyrir því, að sannanir hafi fengizt fyrir framlífi einstaklingsins, og að fyrirbæri þau sem sú skoðun gefur verði byggð á, hafi raunverulega gerzt. En hafi þau gerzt þá þarf ekki að spyrja að því hvar sá heimur muni vera sem þau stafa frá. Þarf þá ekki lengra að leita en að lesa upphafssetningu Nýals, þá sem prentuð er hér að ofan.

Þorsteinn Guðjónsson

Á eftir erindinu las ég gamla grein eftir mig um draumakenninguna sem prentuð var með Draumum og Dulrúnum Hermanns Jónassonar skólastjóra (1961).

P.G.

Blástjarnan og vorið.

22. heftið með góðspánni var prentað meðan einna kaldast var, en sent úr mánudaginn 13. maí. Daginn eftir var farið að hlýna, og á miðvikudaginn (Óðinsdag) var komið ágætisveður í Reykjavík, en síðan hefur farið síbatnandi og ísinn dreifzt eða hörfað. Það lætur því nærri að batinn hafi byrjað um leið og heftið barst í hendur lesenda, en hinsvegar var þá liðið framt að mánuði frá því spáin kom fram á fundi, og rættist hún því alls ekki þann tíma. En um leið og spáin hafði borizt til flestra félagsmanna, breyttust skilyrðin og er þetta allt mjög skiljanlegt. Spáin er ekki aðeins framsýni, heldur tilraun og viðleitni hins magnandi kraftar til að opna sér leið. Við það að fleiri vissu af spánni en þeir einir sem tilraunafundina sækja, og við það að þeir treystu henni að einhverju leyti, færðist aflsvæði tilraunafundanna út og orkuaðstreymið jókst. Sú orka sem venjulega nemur staðar hjá nokkrum tilraunamönnum, og þeir hafa lítil ráð til að veita öðrum hlutdeild í, náði nú að njóta sín, nokkuð eftir því sem til var stefnt. En þetta gefur nokkra hugmynd um hverju mætti fá áorkað með samtaka viðleitni allra Nýalssinna. Eins og getið hefur verið um í félagsblaðinu, þá hafa á tilraunafundunum stofnast sambönd, ekki aðeins við framliðna menn héðan af jörð eða lengra komna annarsstaðar, heldur er einnig talað um sambönd við frumlífsjörð eða jarðir á líku stigi og þessi er: við vitring þann og boðbera sanninda, sem Burdlík er nefndur, og sagður eiga heima á reikistjörnu við Síríus. Skal hér ekki endurtekið það sem um það hefur áður verið rakið, en hins er að geta, að skömmu eftir að það samband hófst eða í ársbyrjun 1967 var það á einum fundi að spurt var um ástand og horfur á hnetti Burdlíks. Var því þá greiðlega svarað að ástand væri næsta líkt og hér á jörð, og skilyrði erfið. Þá spurði einn fundarmanna, Þorsteinn Jónsson, en hann var þá á ferð í borginni, hvernig ástatt væri á jörð sem gengi umhverfis stjörnuna Vegu, og var því svarað að þar væri ástandið miklu verra, og fylgdu þessu svo ógnþrungin áhrif, að við áræddum ekki að spyrja lengra. Fundu þetta ýmsir viðstaddir. Hvernig mun nú vera umhorfs hjá þeim sem helzt mundu vilja halda í horfið á stjörnu sem þannig er komið fyrir. Vilja ekki lesendur Félagsblaðsins þakka hið góða vor með því að reyna að stilla til þess, að einhverjar fréttir megi þaðan berast? Okkur er sagt að eitthvað hafi rofað til á Síríusarstjörnunni eftir að fréttir fóru að fara á milli, svo þýðingarmikið sé sambandið milli frumlífsnattanna.

Það kann að virðast furðulegt að hin fagra blástjarna sé nú heimkynni óseggjanlegra hörmunga, en hvað hefur ekki getað gerzt þar sem framgangur sanninda var heftur?

P.G.

VIÐTAL VIÐ PRÓF. NIELS DUNGAL,
25. febr. 1953, kl. rúml. 4.

Ég fæ greiðlega viðtal, og er við erum seztir, ber ég upp erindið og segi, að þar sem hann sé einn af þeim mönnum, sem hafi fengið bréf um rannsóknarstöð til rannsókna á eðli vitundarinnar, hafi það lent í mínum hlut að ræða við hann sem aðra.

Prófessorinn svarar eins og ég bjóst við og kveðst ekki muni skrifa undir ávarpið.

Ég skýri málið betur, segi, að ég sé að þessu sinni aðeins að heyra álit manna, síðan muni ég semja skýrslu um það og á þeim grundvelli muni svo þetta mál verða athugað ýtarlega og reynt að finna þann grundvöll, sem sé sá, að þeir sem vilja vísindalega rannsókn á þessum málum, gætu staðið að þessu. Að þessu mæltu skapaðist grundvöllur til frekari viðræðna, þar sem við vísindamann var að ræða, og mun ég nú reyna að ræða um það helzta, sem fram kom í umræðu prófessorsins, sem mér fannst hafa mjög góða yfirsýn yfir þetta og gerði sér fulla grein fyrir því, hvernig slík rannsókn yrði að byggjast upp.

Prófessorinn telur, að vísindaleg yfirumsjón með slíkum tilraunum sé ófrávíkjanlegt skilyrði, og segir mér í því sambandi að af sinni tilhlutan hafi Sálarrannsóknarfélaginu verið boðið, að komið yrði við hlutlausri rannsókn af hálfu háskólans með ýmsum þeim tækjum, sem hægt væri að koma við, en því hafi verið hafnað. (Þetta þóttu mér fréttir).

Prófessorinn spurði mig, hvort við gerðum okkur ljóst í raun og veru, hvað hér væru um umfangsmiklar rannsókir að ræða, og gat ég aðeins gefið það svar, að nánari viðræður um það efni gætu ef til vill svarað þeirri spurningu. Síðan ræddum við fram og aftur um þessi efni.

Prófessorinn ræddi um heilabylgjutaki, sem mældu missterkar bylgjusendingar við ýms geðbrigði og viðbrögð. Við ræddum um dáleiddslu, um tilraunir dr. Rhine við Duke-háskóla, sem eru um áhrif eins huga á annan í sambandi við teninga og spil, og fleira ræddum við, sem snerti þetta efni, og vorum við í grundvallaratriðum sammála um það, yfir hvað vítt svið þekkingar slík rannsókn þyrfti að ná, þó hægt væri að taka fyrir vissa þætti út af fyrir sig, en með slíkri alhliða rannsókn mætti vænta mikils árangurs fram yfir það, sem sál-

fræðingar hafa náð, sem sagt það þarf að tengja saman víðara svið þekkingar í rannsóknum á starfsemi hugans, en sálfræðingar hafa gert. Dr. Dungal er fús til frekari viðræðna um þessi mál.

Benedikt Björnsson

SAMBANDSREYNSLA

2. 3, 1968.

Ég sé mikið fagrar sýnir þegar ég sit fundi með Nýalssinnafélagsmönnum. Í dag sá ég þetta. Það voru bækur í fallega bandi með gylltum stöfum er ég gat ekki lesið. Mér fannst þær tilheyra manni, er dáinn er fyrir rúmu ári og var úr félagi þeirra. Þið kannizt við nafnið: Þ.J. Svo sá ég inn í stóran sal, alupplýstan í mörgum litum, rauðum, grænum, bláum hvítum, gulum. Við borð sátu menn í hvítum kyrtlum, og var mest á þeim er við endann sat, eins og hinir væru að taka á móti hans kenningu. Þetta voru mikið fullkomin áhrif frá þessu öllu.

Það er mín ósk að þetta birtist, til þess að einhverjir hugsi um þetta mál. Þarna er margt stórmerkilegt að gerast.

Sigurrós Jóhannsdóttir.

20. 1, 1968. Kl. 4 á Laugavegi 24 sátum við fund fimm saman, og komst ég í allmikið og dásamlegt samband. Á meðan Sveinn var í talsambandi, sá eg skáp og inn við hann stóð einn læknir, er ég þekkti, og talaði hann þessi orð: Þetta eru verkfæri sem við notum þegar við förum til sjúklinga. Skápurinn var fullur af alls kyns tækjum, er ég hef ekki séð fyrr. Svo sá ég marga kyrtla í rauðum litum og með hvítum borðum á ermum að neðan og voru þeir gull-lýsandi geislum. Svo sá ég mikið af símalínum í tveimur litum, brúnum og gráum, þeir strengir voru mjög styrkir og mikil furða að sjá. Þessu öllu fylgdi mikil fegurð og geislun. Ég heyrði sagt: Skrifðið þetta upp, þetta er skynjað af

Sigurrós Jóhannsdóttur.

Stjörnusambandsstöð

Fámennt félag Nýalssinna hefur nú ráðizt í það stórvirki að reisa stjörnusambandsstöð, sennilega þá fyrstu sinnar tegundar á þessum hnetti. Þó þegar hafi nokkuð safnast til slíkrar framkvæmdar eða um það bil 350 þú. krónur, segir það lítið upp í þörfina, því áætlað er að fyrsti áfangi byggingarinnar kosti 2 milljónir króna, enda sé hann þá starfshæfur.

Stjórn félagsins hefur því ákveðið að leita til hugsanlegra áhugamanna um þessi mál, með þeim hætti að hver einstaklingur greiði kr. 3000. - sem ævifélagagjald í Félag Nýalssinna, en auk fullra félagsréttinda þar fái hver ævifélagi 1. eint. af sex Nýölum dr. Helga Pjeturss. innbundnum.

Þeir sem kynnu að vilja sinna þessu eða fræðast nánar um félagið, geta snúið sér beint til félagsins eða undirritaðra Nýalssinna hér.

Ætla má að einhver vilji spyrja hvaða hlutverki stjörnusambandsstöð eigi að gegna, og vil ég reyna að kynna það í fáum orðum.

Nýalssinnar telja fullar líkur fyrir því að framlíffokkar fari fram á öðrum hnöttum en ekki á einhverjum lítt raunverulegum andasvæðum, úti í ísköldum geimnum, eða hér í kringum okkur. Hæpið er að nokkur geti nú dregið í efa, að í geimnum svífi ótölulegur grúi jarðstjarna með svipuð skilyrði til lífs og okkar hnöttur, enda ákaflega óeðlilegt að við, sem þjótum á smástjórn um geiminn, efumst um slíkt. Við álítum líka að milli hinna byggðu hnatta sé óvæfengjanlegt líforkusamband, er nái milli hnatta í einu vetfangi og geti haft hin margvíslegustu áhrif, séu móttökuskilyrði fyrir hendi.

Enda er slíkt allíffssamband í góðu samræmi við guðshugmynd kristinna manna um þann er allt hefur skapað, allstaðar er og í öllu.

Frá því sögur hófust hafa fylgt mannkyninu furðuleg fyrirbæri, er virðast hlunnfara okkar viðurkenndu náttúrulögmál. Hlutir svífa í lausu lofti eins og þyngdarlögmál sé ekki til, margvíslegustu hljóð heyrast, þó að engin hljóðvaki sé finnanlegur. Sýnir birtast, sem teljast ekki "af þessum heimi!" og margvíslegar undralækningar og magnanir eiga sér stað, er virðast eiga orsakir út fyrir okkar eðlilega jarðlíf, eins og t. d. er menn geta orðið ónæmir fyrir áhrifum elds, eins og járnburðurinn forðum sýndi og enn á sér stað. Þá má minna á orkuaðstreymi það er endurnærir okkur öll í svefni. Heyrt hef ég því haldið fram að þar komi hin algjöra hvíld ein til; en þeir er hafa átt andvökustundir vita að fyrr eða síðar verður hvíldin að kvöl, komi svefninn ekki til. Yfirleitt eru

öll þessi fyrirbæri kölluð dulræn, af því þekkinguna vantar á þeirra eðlilegu orsökum.

En hlutverk stjörnusambandsstöðvar er einmitt að leita þekkingar á öllum slíkum fyrirbærum, svo dulrænan hverfi, en þekking komi í staðinn.

Við viljum með starfinu að henni skapa bætt skilyrði fyrir auknu aðstreymi vizku og hverskonar göfugrar lífsorku frá orkustöðvum allífsins, í okkar óravíða geimi.

Þetta aðstreymi æðri líforku hefur ætíð leitað á að vitka okkur og hjálpa oghefur reynt að vekja á sér athygli með hinum dulrænu fyrirbrigðum, draumum, forspám og dulskynjunum. En oft hefur þeim verið mætt með allskonar fordómum og skilningsskortri, í stað þess að bjóða þau velkomin og skapa þeim sem best móttökuskilyrði. Úr þessu vill stjörnusambandsstöðin bæta, og hún biður um góðhug sem flestra, því samstilltur vilji er mikils megnugur.

Nýalssinnar eru frjálsir skoðanabræður. Engar játningar eða kreddukerfi tengja þá saman, og því gera þeir þær einar kröfur til niðurstaðna rannsókna sinna, að þar sé haft í hverju atriði það sem sannara reynist.

Að endingu langar mig að minna á nýútkomna bók er segir frá draumum og dulskynjunum Eiríks Kristóferssonar skipherra. Eftir lestur hennar ætti íslenskum sjómönnum að verða minnisstæðara en áður að það sé yfir þeim vakað. Eiríkur er sambandsskynjunum gæddur og virðir og metur þá hæfileika sína, og hann átti nógan drengskap og skapfestu til að framfylgja þeim boðum til sigurs, er hann fékk handanað til hjálpar anuðstöddum sjómönnum. T. d. hlaut öðrum að sýnast það í mesta máta furðuleg ákvörðun að leita báts með róðrarákvörðun vestur fyrir dranga, suður fyrir Geirfuglasker, eftir einu saman hugboði. En um það segir á bls. 100: "Þegar við vorum komnir 10 mílur suður fyrir Geirfuglasker, sagði ég við stýrimanninn: Ef við sjáum ekkert eftir þrjár mílur snúum við vesturum

--- En þegar við ætluðum að snúa við sást ljósblík framundan, --- og eftir tæpa klukkustundar siglingu frá því við ætluðum að snúa við, komum við að hinum saknaða báti. Það stóðst á endum að um leið og við vorum búnir að festa dráttartaug í bátinn, skall á austan kafaldsbylur með stormi og roki er leið á nóttina--".

Átti ekki þessi áhöfn sambandsskynjun Eiríks líf að launa? Ég hygg að sambandsmálin muni verða kjarni lífsskoðunar fram-

tíðarinnar þegar sigurvænleg merki á lofti í þá átt?

20. 1. 1968.

Páll H. Arnason.

DRAUMUR UM LOFTSÝN

Mig dreymdi, að ég þóttist koma út úr húsi vestan við Hljómskálagarðinn. Á móti blasti við mjög stór bygging í svo sem 1 km fjarlægð, ég leit til loftis í austurátt, sunnan við þessa miklu byggingu, og fór að virða fyrir mér himininn. Var hann allur ljósblár og bjartur, enda allsstaðar sólskin, þótt ekki gerði ég mér grein fyrir, hvar á himninum sólin var.

Þar sem ég nú stóð og virti fyrir mér himininn, með gleði yfir fegurð hans, tók ég allt í einu eftir, að hvítt lítið ský tók að myndast á himninum. Það stækkaði brátt, og ég fann á mér að þarna væri eitthvað sérstakt að gerast. Ég kallaði inn í húsið, til konu minnar, og bað hana að koma út og sjá. Og er hún kom út, benti ég henni á skýið, og kvaðst hún einnig sjá það.

Skýið stækkaði óðfluga og tók á sig aflanga lögun. Og nú fór það að hreyfast í suðurátt. Mér kom í hug að líklega væri þarna um fljúgandi disk að ræða, og fór að hugleiða, hvernig ég ætti að komast að því, hvort um efnun (líkamning) eða fjarsýn væri að ræða. Þetta ský fór í suðurátt og hraði þess smáþjókst en jafnframt varð það aflangt unz lögun þess varð svipuð og á loftskipunum gömlu. En útlínur þess voru áskýrar eða loðnar eins og á skýi, og varð mér ljóst, að ekki gæti verið þarna um að ræða fullkomna efnistöku, vegna þessa óskýrleika. Nú sneri þetta ský eða loftfar við, og stefndi í norðurátt. Sá ég að það stefndi svo lágt að það mundi hverfa á bak við stóra húsið, sem áður er minnst á, því mér fannst loftskýnn þessi vera í allmikilli fjarlægð. Datt mér þá í hug, að gera athugun á því, hvort sýn þessi væri raunverulegur hlutur í gufuhvolfinu, eða hvort hér væri um fjarsýn að ræða. Er nú skip þetta eða ský, hvarf á bak við húsið, reyndi ég að athuga hvort ég héldi áfram að

sjá það, samt sem áður. Og sá grunur minn reyndist réttur. Því þegar skipið hvarf með allmiklum hraða, bak við húsið, (sem var nokkuð dökkt, og skar sig mjög út úr er það bar við himininn,) gat ég samt fylgzt með ferðum þess, og sá það bera við húsið mín megin, en þó heldur óljóst. Svo hvarf það. Dró ég þá ályktun, að hér væri um fjarsýn að ræða, úr því ég hafði getað séð það eftir að það hvarf á bak við húsið, en fannst þó hálf í hvoru að einhver efnun hefði átt sér stað, miðað við hreyfingar fyrirbærisins, en þó ófullkomin, miðað við það, hve allar línur þess voru þokukenndar.

Þessar hugleiðingar og ályktanir draumgjafa míns, virðist mér benda til þess, að sambandsvera mín hafi haft glögga hugmynd um lífsamband og þau atriði, sem setja má í samband við það, eins og fjarskynjun eða á hinn bóginn framkomu fjarlæggra hluta fyrir efnun.

Í þessum draumi koma fyrir nokkrar rangþýðingar, eins og algengt er í mörgum draumum. Mér finnst t. d. að ég standa vestan við Hljómskálagarð og horfa yfir Austurbæinn. En er ég athuga drauminn eftir á, er auðsætt, að allt annað útsýn hefur blasað við draumgjafa mínum, en mér þótti vera, því t. d. er engin slík stórbygging til í Reykjavík á umræddu svæði.

Ingvar Agnarsson
dreymt 22. jan. 1967.

LITÐ Í RIT VARÐANDI MÆLSSAMBÖND FRÁ 1920.

"Við erum að reyna að senda til ykkar heimkynna geislafstafi, sem munu flóa yfir jörðina. Nauðsynleg skilyrði til þess, að þetta geti orðið, eru ekki enn fyrir hendi, en þegar ykkar andlega fræðsla og fyrirkomulag er orðið nægjanlega fullkomið, mun þetta ljós birtast ykkur."

Málgrein þessi, sem ég nú á stundinni og nálega af tilviljun rakst á í bókinni "Frá öðrum heimi" eða "Samtali látins sonar við föður sinn" og út kom hér 1928, þykir mér hún fyrst fyrir það, að þar kemur fram, að þetta, sem fullkonnun miðilssambandanna hefir alltaf strandað á, er einmitt þessi fullkonnun hinnar "andlegu" fræðslu og vitanlega er í aðalatriði ekki annað en sá skilningur á framlífinu, að það sé samskonar líf og frumlíf einstaklinganna hér á jörðu. Fullkonnun hinnar "andlegu" fræðslu er þarna með öðrum

orðum ekki önnur en sú, að stjörnulíffræði komi í stað spíritisma og alveg jafnt er því fræðsla um frumlíf einstaklinganna og framlíf, og hefir það naumast verið tilviljun, að viðleitni til að koma slíku fram skyldi hafa orðið eftir að á einmitt þessum fundi hafði á jákvæðan hátt verið minnst á lifendur á öðrum hnöttum.

Fleira var það vafalaust í þessari bók, sem ástæða væri til að geta hér um, eins og t.d. þess, að á eftir þessari málsgrein kom fram fyrirheit um, að þetta geislaflóð yfir á jörðina muni eiga sér stað í tíð þálfandi manna, en þetta var árið 1920. Einnig mætti benda á það, sem á öðrum stað kemur þarna fram, að ýmsir þeirra, sem féllu í styrjöldinni 1914 til 18, hafi þá fyrst verið að vakna af sínum dauðasvefni, og bendir það til þess, að óæskilegt muni vera að ljúka ævi sinni í því hugarástandi, sem styrjaldir leiða til. Ekki einungis vegna lífsins hér á jörðu, heldur einnig vegna framhalds þess á öðrum jörðum eru styrjaldir hin allra heimskulegust og fráleitust fyrirtæki, sem unnt er að hugsa sér, enda fjar því en allt annað að greiða nokkru sinni til farsællar lausnar. En það, sem ég tek hér upp aðaauki, er lýsing á því, hvernig bókarhöfundur læknaðist eitt sinn á fundi, en hann kom þá þangað lasinn af kvefi, svo að hann hafði höfuðverk og nokkurn sótthita. Tek ég þessa lýsingu vegna þess, að mér þykir hún minna á sumt, sem jafnan fer nú fram á sambandsfundum þeirra Nýalssinna.

"--- Reis þá miðillinn á fætur og lét okkur taka höndum saman. Settist hann þá niður aftur og lét þá, sem sáti sinn við hvora hlið, leggja hendur á kné sér (miðilsins). Nú néri miðillinn saman lófum, hart og títt og stóð svo að vörmu spori á fætur aftur og staðnæmdist nú bak við mig. Fór hann þvínæst að strjúka mig og byrjaði á enni og svo niður á brjóstið. Þessu hélt hann áfram þangað til hann (miðillinn) fór að hnerra og hósta alveg eins og ég hafði gjört. Miðillinn hló og sagði eitthvað, gekk síðan yfir í hinn enda stofunnar og fór að strjúka sjálfan sig á sama hátt og hann hafði strokið mig."

D. J.

Fundargerð.

Félagsfundur Nýalssinna var haldinn 5. júní 1968. Formaður bað Þorstein Guðjónsson vera fundarritara þar sem Sveinn Haraldsson væri ókominn. Formaður sagði frá nýju framlagi til stjörnusambandsstöðvar, frá Péttri Gíslasyni á Eyrarbakka. En hann hefur áður gerzt ævifélagi og lagt fram ríflegar upphæðir, og varð fundarmönnum nokkuð rætt um hinn ágæta vilja og stuðning þessa manns, sem mjög

lengi hefur haft hug á kenningu Nýals. - Síðan las Ingvar tvö kvæði sem honum höfðu borizt frá Páli H. Árnasyni og einnig sýndi hann fundarmönnum Vestmanneyjablaðið Bergmál, með grein þeirri eftir Pál sem nefnist "Stjörnusambandsstöð", og einnig á að koma í Félagsblaði.

Rætt var um byggingamál félagsins, og kom þar fram að grunnurinn og gólf 1. hæðar væri nú fullsteypt, en þegar næsta gólf er steypt, á að standa skil á greiðslu og er ætlað að það verði um 20. júní. En um 20. júlí er áætlað að húsinu verði skilað fokheldu, og þarf þá að standa skil á fullri greiðslu. Nokkuð var rætt um gerð og fyrirkomulag hússins, einkum þaksins, hvort það skyldi vera slétt eða með risi, og taldi Sigurður Ólafsson að slétta þakið mundi verða nokkuð dýrt, en vandað og borga sig í lengd, en Ásmundur Guðbjörns-son taldi verðmuninn mundi verða svo mikinn, að honum væri betur varið til að halda áfram öðrum framkvæmdum. En mönnum kom saman um að tilboð um slétt þak, sem Ingvar á von á, skyldi athugað vandlega.

Minnzt var á góða veðrið, hér sunnanlands, og lét undirritaður þess getið að hann hefði látið spána fara í prentun þegar kaldast var og verst horfði en eins og getið er í eftirmæli ritstjóra, brá til batans um leið og heftið komst í hendur lesenda. Þetta létu fundarmenn sér vel líka. Fundi var lokið um kl. 11.

Þorsteinn Guðjónsson.

Eftirmæli 22. heftis.

Ég hafði orð á því 22. hefti félagsblaðsins, að í stað eftirmála hvers heftis fyrir sig muni ég framvegis skrifa eftirmæli heftisins næst á undan, og skal hér ekki endurtaka ástæðuna, sem ég færði fyrir þeirri breytingu. En þegar ég nú ætla að fara að mæla þannig eftir 22. hefti í hinu 23., þá finn ég litla ástæðu til að segja neitt. Rétt þykir mér þó að viðurkenna það fyrir lesendum blaðsins, að Bifrastar-erindi mitt er víst að nokkuð miklu leyti endurtekning erindis þess, sem aldrei var flutt en birtist svo í 21. hefti félagsblaðsins. Var í báðum þessum erindum vikið að því, hve beint og eðlilegt framhald lífsambandskenningin er af sambandskenningu Newtons, sem svo sérstaklega mikilsverð hefur reynst varðandi stjörnufræðina. Það var um líkt leyti og Nýall kom út eða árið 1920, að rit Sálarrannsóknar- félagsins, "Morgunn", hóf hér göngu sína. En svo liðu ellefu ár, að aldrei var þar minnst á kenningar Nýals. Og þegar svo þeirra loks var þar minnst, þá var það auðvitað til þess að reyna að hnekkja þeim. Var þarna teflt fram þeirri skoðun, sem um skeið var mjög ríkjandi meðal heimsfræðinga, að algert fágæti væri að jarðstjörnur fylgi sólum. Var það Ragnar E. Kvaran, sem betta gerði, og mun hann hafa haldið sig standa á traustum grunni vísindalegrar þekkingar.

En eins og ég vík víst eitthvað að í erindum mínum og Þorsteinn Guðjónsson segir frá í erindi sínu hér að framan á fróðlegan hátt og skemmtilegan, þá var það meðal annars út frá sambandsskilningi Newtons að þessari heimsfræðiskoðun var hrundið, og er svo jafnan, að hvað styður annað, þegar stefnt er að hinu rétta.

Ég spáði því með sjálfum mér, þegar sem verst horfði vegna hinnar miklu hafískomu, að vorið og sumarið yrði gott, og var hin sama spá höfð eftir Óðni þarna í heftinu. Setti ég spá mína í samband við framgang, hins nýalska málefni, sem ég vænti að verða mundi samkvæmur þessu góða sumri, og má segja, að með því hætti ég ekki einungis á tví-sýnu heldur ólíkindi. Nú um miðjan maí má að vísu segja, að ríkt hafi vorleysi lengur en í meðallagi gerist, og var það meir í samræmi við líkindin en spána. En fari svo, þrátt fyrir allt, eftir að spá þessi var birt þarna í heftinu, að tíð snúist varanlega til hins betra, svo að sumarið verði fagurt og gott, þá ætti það að geta gefið okkur Nýals-sinum góðar vonir. Og ef til vill gæti það líka gefið ástæðu til að ætla, að góð spá geti áorkað nokkru, ef á það var hætt að bera hana fram þegar líkindin voru sem minnst til þess að hún rættist. Það hittist a. m. k. svo á, að um leið og þetta 22. hefti félagsblaðsins færði lesendum sínum þessa góðspá Óðins, tók veðurfar að breytast til hins betra, svo að nú er hver dagurinn öðrum fegri.

Þorsteinn Jónsson.

* Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Tilgangur félagsins er að vekja athygli á hinum nýja heimsskilningi, sem dr. Helgi Pjeturss bar fram, og stuðla að hagnýtingu þess skilnings. Félagssfundir eru haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, kl. 9., í húsnæði félagsins á Laugavegi 24. Rvík. Framlög til stjórnum sambandsstöðvar má senda í pósthólf félagsins 1159 eða snúa sér beint til stjórnarmanna félagsins, sem eru:

Ingvar Agnarsson, Gúmmívinustofunni (s. 30688), heima, Hábraut 4 (s. 40593).

Sigurður Ólafsson, Fálkanum (s. 18670), heima, Skaptahlíð 5 (s. 16274).

Sveinn Haraldsson, Þingholtsstræti 22a.

Þorsteinn Guðjónsson, Úlfsstöðum, Borgarf.